

AUGLÝSING

um framlengingu á skipan fjárhaldsstjórnar fyrir Sveitarfélagið Álftanes.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að skipun fjárhaldsstjórnar fyrir Sveitarfélagið Álftanes, sbr. auglýsingu nr. 612/2010 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. júlí 2010, verði framlengd til 1. desember 2010.

Ákvörðun þessi, sem byggir á 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. október 2010.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.